

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um forgang ráðherra og þingmanna í heilbrigðiskerfinu.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

1. Veit ráðherra til þess að ráðherrar og þingmenn njóti forgangs í heilbrigðiskerfinu? Ef svo er, í hverju er hann fölginn? Ef ekki, mun ráðherra láta rannsaka hvort svo sé (og þá sér í lagi vegna eftirfarandi orða fyrirverandi landlæknis, Ólafs Ólafssonar, í viðtali við Fréttatímamann 28. nóvember sl. um heilbrigðismál: „Einhvern veginn er það líka þannig að ráðherrar og þingmenn lenda ekki á biðlistum.“)?
2. Ef það reynist rétt að ráðherrar og þingmenn hafi forgang í heilbrigðiskerfinu, mun ráðherra sjá til þess að sá forgangur sé lagður af?

Skriflegt svar óskast.

